

13. fundur Framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Hótel Selfossi, 15. október 2008 kl. 14:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Hörður Sigurgestsson, Jóna Sigurbjartsdóttir og Berglind Hallgrímsdóttir. Einnig mættu starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands á fundinn: Sædís Íva Elíasdóttir, Hrafn Sævaldsson og Steingerður Hreinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Snorri Finnlaugsson og Elliði Vignisson boðuðu forföll.

Setning fundar. Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

1. Fjármál

VSSV hefur úthlutað í 24 verkefni frá 2007 og þar af hefur 8 verkefnum verið lokið. Farið var yfir fjármál samningsins til ársins 2009. Sent hefur verið formlegt erindi til Byggðastofnunar og SASS um að breyta framlögum í formi sérfræðivinnu í fjárframlög. Svör hafa ekki borist ennþá frá þessum aðilum.

2. Staða verkefna

Rætt var um stöðu verkefna.

3. Erindi til afgreiðslu

A) Markaðssetning og ímyndavinna í ferðamálum fyrir þjónustuaðila í Hveragerði. Stjórnin ákvað á síðasta fundi að fresta afgreiðslu umsóknarinnar og óska eftir nánari upplýsingum frá umsækjendum. Upplýsingar um stuðning bæjarins við verkefnið lágu nú fyrir ásamt undirskriftalista. Samþykkt var að styrkja verkefnið um 2.000.000 krónur.

B) Tólf dagar um Suðurland. Tólf dagar um Suðurland er klasaverkefni þar sem samstarfsaðilar setja saman 12 daga ferð um Suðurland frá Keflavík austur að Höfn og til baka. Ákveðnir eru allir gististaðir en auk þess eru þrjár fastar ferðir inni pakkanum. Framkvæmdaráð samþykkir að leggja 500.000 þúsund í ráðgjafavinnu og að erindið í heild verði endurskoðað á næsta fundi.

C) Net þekkingar frá Markarfljóti að Skeiðarársandi. Þetta er nýtt samstarf á þessum vettvangi sem snýr að því að efla háskólatengda starfsemi á svæðinu frá Markarfljóti að Skeiðarársandi. Háskólafélag Suðurlands ehf. hafði forgöngu að verkefninu og stendur að tímabundinni ráðningu starfsmanns til þess.

Sveitarfélögin, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur og Rangárþing eystra, koma að verkefninu með fjármagni og vinnuframlagi uppá u.þ.b 8.300.000 kr. og aðstöðu þar fyrir utan. Byggðasafnið í Skógum, Kirkjubæjarstofa og Menningarfélag um Brydebúð búa yfir mikilli staðarþekkingu á sviði náttúru og menningu. Með þátttöku Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands skapast tengsl inn í háskólann og aðrar stofnanir hans. Eyrarbúið ehf. og Drangshlíðarbúið ehf. koma inn í verkefnið með mikla þekkingu á sviði jarðræktar og vinnslu afurða. Kötluvíkur ehf. býr yfir þekkingu á jarðfræði Mýrdalssands og hefur tengingu við erlenda háskóla í sinni starfsemi. Skaftáreldar ehf. hafa lengi unnið að sýningu um Skaftárelda og Móðuharðindi og búa yfir gríðarlegri þekkingu um þá viðburði. Bær hf. á og rekur Hótel Klaustur og leggur til aðstöðu og þjónustu. KBK ehf. eiga húsnæði á Kirkjubæjarklaustri sem áður gegndi hlutverki sláturhúss sem að

hluta er ætlað undir sýningar og menningarstarfssemi. Einnig verður Landbúnaðarháskóli Íslands klasanum innan handar með upplýsingar um lífræna orkugjafa. Unnið verður markvisst að því áfram að fá fyrirtæki á svæðinu í samstarf. Umsóknin hljóðaði upp á 4.200.000 króna og var erindið samþykkt.

- D) Aukin arðsemi humarveiða, framhaldsumsókn. Um framhaldssamstarf er að ræða, tengt þessu verkefni, þ.e. á sviði rannsókna og þróunar. Vaxtarsamningur styrkti fyrri hluta verkefnisins og samþykkti að styrkja það frekar ef séð væri fram á að árangur næðist af samstarfinu. Áfangaskýrsla verkefnisins staðfesti það og var þá erindið og umsókn um 3.600.000 króna styrk samþykkt.

4. Starfið framundan

- A) Samþykkt var að næsti stjórnarfundur verði haldinn 12. nóvember 2008.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00

Friðrik Pálsson

Elliði Vignisson

Hörður Sigurðsson

Jóna Sigurbjartsdóttir

Berglind Hallgrímsdóttir

Snorri Finnlaugsson

Steingerður Hreinsdóttir

Hrafn Sævaldsson

Sædís Íva Elíasdóttir